

Viðauki við lýsingu, dagsetta 19. nóvember 2012, (hér eftir "lýsingin") sem gefin var út í tengslum við almennt útboð Fjarskipta hf. (hér eftir "Fjarskipti" eða "félagið") sem fram fer dagana 3. til og með 6. desember 2012 og umsókn stjórnar félagsins um að öll hlutabréf í félaginu verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. (hér eftir "Aðalmarkaður Kauphallarinnar").

Viðauki þessi, dagsettur 29. nóvember 2012, er útbúinn í samræmi við ákvæði 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, en samkvæmt því ber útgefanda verðbréfa að tilkynna um mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum, á tímabilinu frá því að lýsingin er staðfest og þar til útboði lýkur eða, ef við á, þar til að viðskipti með verðbréfin á Aðalmarkaði Kauphallarinnar hefjast. Viðaukann skal lesa í samhengi við lýsinguna og mynda skjölin eina órjúfanlega heild. Komi ekki annað fram skulu öll hugtök og lögheiti sem viðaukinn inniheldur hafa sömu merkingu og í lýsingunni. Við birtingu viðaukans verður hann hluti af lýsingunni.

Viðaukinn inniheldur upplýsingar um úrskurð Eftirlitsstofnunar EFTA hvað varðar mögulega ríkisaðstoð vegna samnings útgefanda og Varnarmálastofnunar um leigu á ljósleiðarapráðum í eigu NATO og fjallað var um í kafla 1.3.6. *Ágreinings- og dómsmál* í útgefandalýsingu Fjarskipta hf., dagsettri 19. nóvember 2012 sem myndar hluta af lýsingunni. Þá inniheldur viðaukinn upplýsingar um hagsmunatengsl framkvæmdastjóra hjá Fjarskiptum hf. og stjórnarmanns í FSÍ (Framtakssjóði Íslands) slhf. (hér eftir „Framtakssjóður Íslands“). Umfjöllun um mögulega hagsmunaárekstra er að finna í kafla 5.6. *Hagsmunaárekstrar stjórnar og framkvæmdastjórnar* í útgefandalýsingu Fjarskipta hf., dagsettri 19. nóvember 2012 sem myndar hluta af lýsingunni. Þá tiltekur viðaukinn breytingar á skilmálum almenns útboðs Fjarskipta sem fram fer dagana 3. til og með 6. desember 2012 og lýst er m.a. í kafla 4 *Skilmálar og skilyrði almenns útboðs* í verðbréfalýsingu Fjarskipta hf. dagsettri 19. nóvember 2012 sem myndar hluta af lýsingunni. Enn fremur er gerð grein fyrir gagnstefnu Fjarskipta á hendur Farice vegna vanefnda og ágreinings um gjaldskrá þeirra síðarnefndu og að lokum upplýsingum um mögulega kröfugerð IP-fjarskipta ehf. (hér eftir „Tal“) vegna ágreinings fyrirtækisins við Fjarskipti, hvort tveggja hið síðasttalda snertir umfjöllun í kafla 1.3.6. *Ágreinings og dómsmál* í útgefandalýsingu félagsins.

1. Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA varðandi útboð á NATO streng

Þann 21. nóvember 2012 komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að samningur um leigu á ljósleiðara sem undirritaður var á milli Varnarmálastofnunar og Fjarskipta hf. (þá Og Fjarskipta ehf.) þann 1. febrúar 2010 feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi EES samningsins. Fjarskipti voru ekki beinn aðili málsins, sem rekið var á milli Mílu og íslenska ríkisins, en engu að síður hefði niðurstaða þess getað haft fjárhagsleg áhrif á félagið. Hefði Eftirlitsstofnun EFTA komist að þeirri niðurstöðu að um ólögmeata ríkisaðstoð væri að ræða hefði félagið mögulega þurft að greiða mismuninn á leiguverðinu, skv. umræddum samningi við Varnarmálastofnun, og markaðsverði eins og það hefði verið skilgreint af Eftirlitsstofnun EFTA. Með úrskurðinum er nú ljóst að svo verður ekki og að leiguverð skv. samningnum mun standa óbreytt.

Aðrar upplýsingar sem fram koma í kafla 1.3.6. *Ágreinings- og dómsmál* í útgefandalýsingu Fjarskipta, dagsettri 19. nóvember 2012, eru óbreyttar.

2. Hagsmunatengsl stjórnar og framkvæmdastjórnar

Í umfjöllun í lýsingunni um hagsmunatengsl stjórnar og framkvæmdastjórnar Fjarskipta láðist að nefna eftirfarandi tengsl. Björn Víglundsson, framkvæmdastjóri sölusviðs Fjarskipta er kvæntur Helgu Árnadóttur sem er stjórnarmaður í Framtakssjóði Íslands. Framtakssjóður Íslands er eigandi að 267.486.587 hlutum, eða sem nemur 79,7% hlut útgefins hlutafjár í Fjarskiptum hf. Enn fremur breytir þetta töflu 7: *Launa- og hlunnindagreiðslur stjórnar og framkvæmdastjórnar Fjarskipta fyrir árið 2011* en þar hefði framangreind

hlutafjäreign Framtakssjóðs Íslands átt að birtast í dálknum *Hlutafjäreign tengdra aðila* við nafn Björns. Framangreinda töflu 7 með áorðnum breytingum má sjá að neðan.

Aðrar upplýsingar sem fram koma í kafla 5.6. *Hagsmunaárekstrar stjórnar og framkvæmdastjórnar* og töflu 7: *Launa- og hlunnindagreiðslur stjórnar og framkvæmdastjórnar Fjarskipta fyrir árið 2011* í útgefandalýsingu Fjarskipta, dagsettri 19. nóvember 2012 eru óbreyttar.

Tafla 7: Launa- og hlunnindagreiðslur stjórnar og framkvæmdastjórnar Fjarskipta fyrir árið 2011¹

Aðili	Laun, hlunnindi, kaupaukar og framlag í lífeyrissjóð	Hlutafjäreign í Fjarskiptum	Hlutafjäreign tengdra aðila
Stjórnarmenn og varamenn í stjórn			
Þór Hauksson ²	1.650.000	0	267.486.587
Anna Guðný Aradóttir ³	0	0	4.064.395
Erna Eiríksdóttir	0	0	11.435.518
Helga Viðarsdóttir	1.500.000	0	0
Reimar Snæfells Pétursson ⁴	1.650.000	0	0
Vilmundur Jósefsson	0	0	0
Kristinn Pálmason ²	0	0	267.486.587
Hildur Dungal ⁵	0	0	0
Fyrirverandi stjórnarmenn og varamenn í stjórn			
Brynja Guðmundsdóttir	1.650.000	0	0
Einar Páll Tamimi	1.800.000	0	0
Finnbogi Jónsson	0	0	0
Gísli Valur Guðjónsson	300.000	0	0
Lúðvík A. Steinarsson	150.000	0	0
Forstjóri og framkvæmdastjórn			
Ómar Svavarsson	32.504.540	0	0
Björn Víglundsson ⁶	23.514.209	0	267.486.587
Hrönn Sveinsdóttir	23.892.161	0	2.659.679
Hrannar Pétursson ⁷	7.175.825	0	0
Jóhann Másson	22.855.798	0	0
Kjartan Briem	24.587.955	0	0
Bjarni Askam Bjarnason ⁸	39.086.653 ⁹	0	0
Gudny Langgaard ¹⁰	7.177.709 ⁹	0	0
Samtals	189.494.850	0	288.646.449

¹ Taflan inniheldur ekki greiðslur vegna nefndarsetu í endurskoðunar- og starfskjaranefndum stjórnar enda voru þær skipaðar á árinu 2012.

² Fjárhæðin er greidd Framtakssjóði Íslands og er hér tilgreind án vsk. Hlutafjäreign tengdra aðila Þórs og Kristins er sú sama, þ.e. tilgreind er eign Framtakssjóðs Íslands.

³ Anna Guðný Aradóttir, Erna Eiríksdóttir og Vilmundur Jósefsson voru kjörin í stjórn á árinu 2012.

⁴ Reimar Snæfells Pétursson gekk úr stjórn félagsins á árinu 2012.

⁵ Hildur Dungal var kjörin varamaður í stjórn á árinu 2012.

⁶ Um er að ræða eign Framtakssjóðs Íslands slhf. en eiginkona Björns situr í stjórn Framtakssjóðs Íslands.

⁷ Hrannar tók sæti í framkvæmdastjórn í febrúar 2012.

⁸ Bjarni lét af störfum sem framkvæmdastjóri PF Kall um mitt ár 2012.

⁹ Launatölur framkvæmdastjóra í Færeyjum eru í DKK og umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands þann 31. desember 2011.

¹⁰ Gudny tók við störfum sem framkvæmdastjóri PF Kall um mitt ár 2012.

3. Breyting á skilmálum almenns útboðs

Í kafla 4. *Skilmálar og skilyrði almenns útboðs* í verðbréfalýsingu Fjarskipta, dagsettri 19. nóvember 2012, er fjallað um fjögur markmið seljanda með útboðinu. Í 4. mgr. framangreinds kafla kemur fram að stjórn Framtakssjóðs Íslands, seljanda, áskilji sér rétt til að falla frá útboðinu sé sýnt að markmið þau sem lýst er í kaflanum náist ekki. Þær breytingar eru gerðar á skilmálunum að stjórn Framtakssjóðsins áskilur sér ekki einungis rétt heldur mun falla frá útboði ef Fjarskipti uppfylla ekki skilyrði Kauphallarinnar um dreifingu hlutafjár eða ef Kauphöllin samþykkir ekki í desember 2012 fyrirbyggjandi umsókn stjórnar Fjarskipta um að taka öll hlutabréf útgefin af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar.

Málgreinin mun taka breytingum og hljóðar svo með áorðnum breytingum:

„Stjórn Framtakssjóðs Íslands mun falla frá útboðinu sé sýnt að markmið þau sem lýst er í 1. lið framangreindrar upptalningar, þ.e. ef Fjarskipti uppfylla ekki skilyrði Kauphallarinnar um dreifingu hlutafjár eða ef Kauphöllin samþykkir ekki í desember 2012 fyrirbyggjandi umsókn stjórnar Fjarskipta um að taka öll hlutabréf útgefin af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Stjórn Framtakssjóðs Íslands áskilur sér enn fremur rétt til að falla frá útboðinu sé sýnt að markmið þau sem lýst er í 2., 3. eða 4. lið framangreindar umfjöllunar náist ekki en er þó ekki skuldbundin til að falla frá útboðinu af þeim sökum.“

Annar texti í 4. málgrein framangreinds 4. kafla verðbréfalýsingarinnar fellur brott.

Breytingar þær sem að framan er lýst hafa auk þess áhrif á 3. mgr. kafla 1.2.3. *Seljanleikaáhætta hlutabréfa í Fjarskiptum* og 2. mgr. kafla 5.1. *Upplýsingar um hlutabréfin og töku þeirra til viðskipta* í verðbréfalýsingu Fjarskipta hf. dagsettri 19. nóvember 2012. Breytingarnar hafa enn fremur áhrif á 4. mgr. 2. kafla *Tilkynning til fjárfesta* í útgefandalýsingu Fjarskipta, dagsettri 19. nóvember 2012 sem og 3. mgr. kafla 1.2. *Almennt útboði* samantekt Fjarskipta dagsettri 19. nóvember 2012.

Aðrar upplýsingar sem fram koma í framangreindum köflum eru óbreyttar.

4. Gagnstefna Fjarskipta á hendur Farice

Í kafla 1.3.6. *Ágreinings- og dómsmál* í útgefandalýsingu Fjarskipta, dagsettri 19. nóvember 2012, er fjallað um kröfu Fjarskipta á hendur Farice vegna vanefnda á samningi auk þess sem gerð er grein fyrir stefnu Farice á hendur Fjarskiptum til greiðslu krafna. Þann 27. nóvember 2012 gagnstefndu Fjarskipti Farice til greiðslu skaðabóta og afsláttar. Af þessu leiðir að fyrsta málgrein liðarins *Stefna Farice á hendur Fjarskiptum til greiðslu krafna*, sem finna má á bls. 18 og 19 í framangreindi útgefandalýsingu Fjarskipta, breytist á þann veg að eftirfarandi málgrein bætist aftan við undir framangreindum lið:

„Þann 27. nóvember 2012 var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gagnstefna Fjarskipta á hendur Farice. Heildarfjárhæð aðalkröfu Fjarskipta á hendur Farice, er nú EUR 686.000, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum m.v. birt miðgengi Seðlabanka Íslands frá 1. janúar 2011 til 19. júní 2012. Fjarskipti krefjast til vara að Farice verði dæmt til að greiða hæfilegar skaðabætur eða afslátt að mati dómsins. Vinnist málið mun koma til tekjufærslu sem nemur dæmdum vanefndarbótum.“

Aðrar upplýsingar sem fram koma í framangreindum lið kafla 1.3.6. *Ágreinings- og dómsmál* eru óbreyttar.

5. Ágreiningur Fjarskipta og Tals

Eftirfarandi málsgrein bætist við í lok umfjöllunar um ágreining Fjarskipta og Tals í kafla 1.3.6. *Ágreinings og dómsmál* í útgefandalýsingu:

„Í tengslum við yfirstandandi málarekstur á milli félaganna, sem rakinn er hér að framan, hefur Tal gefið til kynna að fyrirtækið hyggist hafa uppi kröfur á hendur Fjarskiptum til greiðslu skaðabóta, annars vegar til greiðslu svokallaðs riftunargjalds (*e. break-up fee*) vegna afturköllunar fyrirhugaðs samruna félaganna tveggja í apríl 2011, en samruninn var samþykktur með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins sem ekki fékkst, og hins vegar vegna þess sem Tal telur ólögsmæta riftun Fjarskipta í september 2012 á samningum félaganna. Stefna eða kröfubréf hafa ekki borist Fjarskiptum og því ekki unnt fyrir félagið að meta þær fjárhæðir sem um gæti verið að ræða auk þess sem áhrif slíkrar kröfugerðar, komi hún fram, væri ávallt háð endanlegri niðurstöðu dómstóla. Það er afstaða Fjarskipta að kröfur Tals séu tilhæfulausar og munu Fjarskipti grípa til viðeigandi varna þegar og ef stefna þess efnis berst félaginu.“

Aðrar upplýsingar um ágreining Fjarskipta og Tals í kafla 1.3.6. *Ágreinings- og dómsmál* í útgefandalýsingu félagsins, dagsettri 19. nóvember 2012 eru óbreyttar.

6. Tilkynning til fjárfesta

Viðauki þessi er útbúinn í samræmi við ákvæði laga og reglugerða sem í gildi eru á dagsetningu birtingar hans, þ.m.t. lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og tilskipun Evrópuþingsins- og ráðsins nr. 2003/71/EB dagsett 4. nóvember 2003 sem innleidd hefur verið í íslenskan rétt í samræmi við ákvæði EES samningsins. Viðaukinn hefur verið yfirfarinn og staðfestur af Fjármálaeftirlitinu. Hvorki viðauka þennan né önnur þau skjöl sem mynda hluta af lýsingu Fjarskipta má undir neinum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu Fjarskipta hf., Íslandsbanka hf. sem umsjónaraðila eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu. Ákvörðun um kaup á hlutabréfum útgefnum af Fjarskiptum ætti því ávallt að grundvallast á áhættumati svo sem hverjum og einum fjárfesti þykir viðeigandi. Fjárfestar eru enn fremur hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða fjármálaráðgjöf, þ.m.t. skattaráðgjöf.

Viðauka þessum, og öðrum skjölum sem mynda hluta af lýsingunni, má ekki dreifa eða miðla á nokkurn hátt til landa eða í löndum þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi. Lýsingunni skal hvorki dreifa né senda í pósti, með einum eða öðrum hætti til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japan. Fjarskipti hf., Framtakssjóður Íslands slhf. og Íslandsbanki hf. eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á lýsingunni eða viðaukanum.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandur 2, 155 Reykjavík, er umsjónaraðili með almennu útboði Fjarskipta hf. og töku hlutabréfa útgefnum af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Íslandsbanki hf. útbjó þennan viðauka í nánu samstarfi við stjórnendur og stjórn félagsins og byggir innihald hans á upplýsingum frá félaginu.

Yfirlýsing stjórnarformanns og forstjóra f. h. útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Fjarskipta hf., kt. 470905-1740, Skútuvogi 2, 104 Reykjavík, lýsum hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem viðauki þessi hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 29. nóvember 2012

Fyrir hönd stjórnar Fjarskipta hf.

Þór Hauksson
Formaður stjórnar

Fyrir hönd Fjarskipta hf.

Ómar Svavarsson
Forstjóri